

Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps

miðvikudaginn 7. desember 2022, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir er Árný Huld Haraldsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Ólafía Sigurvinsdóttir vegna forfalla Vilbergs Þráinsson. Aðrir mættir á fundinn eru Anna Margrét Tómasdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Sandra Rún Björnsdóttir fyrir hönd foreldra og Íris Ósk Sigþórsdóttir deildarstjóri leikskóla. Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi mætir á fund í gegnum fjarfundabúnað.

Formaður bauð alla velkomna á fundinn og athugaði hvor einhver væri með önnur mál á dagskrá. Liðurinn Skýrsla Ásgarður - skóli í skýjunum var tekin út, vegna forfalla Krístrúnar.

Mál til afgreiðslu

- Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 12. október 2022.**
Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.
- Skólaakstur.**
Skólastjóri óskar eftir að mennta- og menningarmálanefnd setji saman akstursáætlun fyrir skólabílana.
Nefndin leggur til að áætlunin verði gerð í samráði við skólabílstjóra. Samþykkt samhljóða.
- Umsókn um undanþágu frá reglum vegna leikskóladvalar.**
Farið yfir erindi um ósk á undanþágu frá reglum vegna leikskóladvalar. Fyrir börn undir 12 mánaða aldri gilda reglur um 5 klst. vistun á dag. Leikskólinn verði í sambandi við foreldra hvenær hægt er að taka við barni í aðlögun, sjái skólastjóri og deildarstjóri að mönnun við leikskólann sé fullnægjandi.
Samþykkt samhljóða.
- Ósk um skólagöngu barns í leikskóla utan lögheimilissveitarfélags.**
Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti að því gefnu að verklagsreglum Reykhólahrepps vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags sé fylgt eftir. Sveitarstjóra falið að fylga málinu eftir.
Samþykkt samhljóða.
- Umsókn um nám utan lögheimilissveitarfélags.**
Farið yfir 11 umsóknir um námsvist nemenda við Ásgarð - skóla í skýjunum.
Samþykkt samhljóða.
- Skýrsla grunnskóladeildar Reykhólaskóla**
Skólastjóri fór yfir starf í skólanum.
Nefndin óskar eftir að námsframvinda nemenda Reykhólaskóla sé sýnilegri foreldrum. Samþykkt samhljóða.
- Skýrsla leikskóladeildar Reykhólaskóla**
Deildarstjóri fór yfir starfið í leikskólanum.
Nefndin leggur til að gert verði skipulag um hálkuvörnir og snjómokstur við stofnanir Reykhólahrepps, svo hlutverk stjórnenda sé skýrt. Varðandi leikskólavöll - nefndin óskar eftir fundi til að fara yfir verkið og þá verkhluta sem þarf

að ljúka - með þeim sem hlut eiga að máli.

Samþykkt samhljóða

8. Skýrsla tómstundafulltrúa.

Tómstundafulltrúi fór yfir tómstundastarfið.

Fundi slitið kl. 18